

Íslenska 6.bekkur

Kennarar: Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir; Hildur Karlsdóttir; Ingunn Óladóttir; Jóna K. Karlsdóttir

6

Skólaárið

2025-2026

Helstu námsþættir vetrarins

Ritun og læsi verður í forgrunni þar sem unnið er með orðaforða og áherslur í stafsetningu og málfræði tengd inn í þá vinnu. Unnið verður með ólíka texta s.s. sögugerð, persónulýsingar og fræðitexta. Unnið verður í anda Rætt til ritunar þar sem áhersla er á ólíkar nálganir s.s. leikræna tjáning, orðaforða, leiki, lestur og umræður.

Heimalestur, nemendur lesa fimm daga vikunnar (20 mín í senn) og vinna verkefni sem reyna á lesskilning. Forráðamenn aðstoða börn sín við að skrá heimalestur og verkefnavinnu í möppu í Classroom. Markmiðið er að lesa sér til skilnings og njóta þess að lesa góðar bækur. Nemendur undirbúa sig fyrir náttúrufræðitíma með því að lesa í kennslubókinni Náttúrulega 2 og vinna verkefni. Þessi vinna er hluti af heimalestri. Ástundun og heimlestur eru metin í lok haustannar og vorannar.

Upplýsingum tengdum viðfangsefni hverju sinni er safnað á námsvegg.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Ágúst- september: Heilaleikfimi, leikir og verkefni sem þjálfa minni

September - nóvember: Bókin um Ofurhetjuna lesin. Kennari les fyrir nemendur og nemendur lesa einnig sjálfir. Orðaforði ræddur og krufinn og unnið með orðin. Ýmis verkefni sem reyna á skilning innihalds bókarinnar en einnig þjálfun í vönduðum vinnubrögðum og skrift.

Október - desember: Framhald af sögugerð um sögupersónu sem fær verkefni sem þarf að leysa. Nemendur læra uppbyggingu og einkenni sögugerðar.

Janúar - febrúar: Bókin Fólkið í blokkinni lesin. Kennari les fyrir nemendur og nemendur lesa einnig sjálfir. Orðaforði ræddur og krufinn og unnið með orðin. Unnið verður með persónulýsingar og einnig horft á þætti um Fólkið í blokkinni.

Febrúar - mars: Unnið í Öðrum smelli og Orðspori 2.

Apríl - maí: Unnið með fræðitexta, einkenni og nemendur búa til fræðitexta.

Námsaðlögun

Aukakennari verður með lestrarþjálfun (gagnvirkur lestur/PALS) og verkefni verða aðlöguð að getu hvers og eins. Unnið verður með nemendum sem þurfa aukin stuðning í minni hópum. Nemendur með slakan lestrarhraða og skilning vinna með sérkennara.

Námsmat

Nemendur fá reglulega endurgjöf frá kennara í verkefnavinnu, lögð verða fyrir matsverkefni og sjálfsmat.

Námsgögn

Annar smellur

Orðspor 2, lesbók

Orðspor 2, vinnubók

Ofurhetjan

Fólkið í blokkinni

Verkefni, leikir og spil frá kennara